

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga 1997-2017, hafnargarður.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. júlí 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga 1997-2017 frá 18. desember 1996.

Breytingin felur í sér lengingu á viðlegukanti hafnarinnar um 250 metra í suðvesturátt.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skilmannahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. júlí 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*